SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

# Kynning á ársriti

26. júní 2008

# Efni fundarins

Ársrit SE 2008
Meira aðhald – betri árangur

Breytingar á samrunaeftirliti – ný lög og nýjar reglur

Ráðstefna með Neelie Kroes – bótaréttur tjónþola









# Ársritið: Hvert er hlutverk Samkeppniseftirlitsins við núverandi aðstæður í atvinnu- og efnahagslífi?

- Aldrei er meiri ástæða til að hafa vakandi auga með samkeppni og samkeppnisaðstæðum en þegar sverfur að í íslensku atvinnulífi.
- Margt hefur áunnist í skipulagi Samkeppniseftirlitsins á síðustu misserum.
  - Fleiri verkefnum sinnt.
  - Málshraði aukist.
- Það þarf hins vegar að gera enn betur. Stjórnvöld hafa lýst vilja sínum til að styrkja eftirlitið:
  - Almenningur og fyrirtæki eru sammála.
  - Hægt er að bæta málshraða enn frekar.
  - Bæta þarf grunnrannsóknir.
- SE stefnir þó ekki að því að verða stór stofnun.
  - Meira máli skiptir að vera í stöðu til að laða að og halda í hæfustu sérfræðinga.
  - Tengsl við háskóla og fræðasamfélagið eru mikilvæg.

# Samkeppniseftirlitið & almenningur




# Samkeppniseftirlitið & fyrirtæki



# Samkeppniseftirlitið & almenningur




# Samkeppniseftirlitið & fyrirtæki






# Samkeppniseftirlitið & almenningur




# Samkeppniseftirlitið & fyrirtæki



# Aukin skilvirkni – bætt málsmeðferð












# Matvörumarkaður :

## Samningar birgja og matvöruverslana fela í sér ákvæði sem kunna að raska samkeppni neytendum til tjóns

Samningsákvæði um einkakaup og tryggðarafslætti

- *Birgir skuldbindur endurseljanda til að selja aðeins vörur frá birginum og gert er ráð fyrir skaðabótum í samningi ef endurseljandinn kaupir sams konar vöru af keppinauti birgisins.*
- *Birgir skuldbindur endurseljanda að kaupa vörur frá tilteknum erlendum framleiðanda aðeins af birginum.*
- *Birgir skuldbindur sig til að greiða endurseljanda eftirágreiddan afslátt sem fer stighækkandi eftir því sem endurseljandi kaupir meira af birginum.*
- *Endurseljandi er skuldbundinn til að greina birgi frá því ef hann fær hagstæðara tilboð frá keppinauti birgisins til að gefa birginum tækifæri til að jafna það boð.*

Ákvæði um að endurseljandi hefji ekki sjálfstæðan innflutning á samningsvöru

- *Tekið er fram að kaupanda sé óheimilt að flytja samhliða inn vörur seljanda frá öðrum erlendum birgjum. Ef kaupandi getur fengið viðkomandi vörur á lægra verði skuldbindur hann sig til þess að gera seljanda kleift að bjóða betur. Takist seljanda það skuldbindur kaupandi sig til þess að hefja ekki þennan innflutning.*
- *Kaupandi skuldbindur sig til þess að hefja ekki innflutning nema að undangengnum viðræðum við seljanda.*
- *Kaupandi missir allan afslátt og markaðsstuðning ef hann hefur innflutning í samkeppni við seljanda.*

Verðkönnun SE veitir vísbendingu um að forverðmerkingar birgja takmarki verðsamkeppni matvöruverslana.

Tafla 1: Vöruflokkar þar sem kannað var verð á matvörum sem birgjar verðmerkja fyrir matvöruverslanir. Meðalverði í lágvöruverðsverslunum er gefið gildið 100.

| Vöruflokkur | Lágvöruverðs-verslanir[1] | Stór-markaðir[2] | Klukku-búðir[3] |
|---|---|---|---|
| Ostar í bitum og sneiðum | 100 | 102 | 106 |
| Nautakjöt | 100 | 101 | 103 |
| Kjúklingur | 100 | 101 | 103 |
| Álegg | 100 | 103 | 106 |
| Pylsur | 100 | 101 | 101 |
| Kjötbúðingar, bjúgu og farsvörur | 100 | 105 | 105 |
| Kæfur | 100 | 104 | 104 |
| Slátur | 100 | 101 | 101 |
| Unnar kjötvörur í bökkum | 100 | 102 | 102 |
| Tilbúnir ferskir réttir – 1944 | 100 | 102 | 102 |
| Lax | 100 | 100 | 100 |

| Vöruflokkur | Lágvöruverðs-verslanir | Stór-markaðir | Klukku-búðir |
|---|---|---|---|
| Unnir ostar | 100 | 132 | 147 |
| Mjólkurvörur og egg | 100 | 114 | 130 |
| Ávextir og grænmeti | 100 | 141 | 147 |
| Sósur og olíur | 100 | 134 | 169 |
| Ýmsar þurrvörur | 100 | 149 | 174 |
| Sælgæti og snakk | 100 | 131 | 143 |
| Gosdrykkir, öl og safar | 100 | 125 | 149 |
| Hreinlætis- og snyrtivörur | 100 | 146 | 163 |

Tafla 2: Vöruflokkar þar sem kannað var verð á matvörum sem matvöruverslanir verðmerkja sjálfar. Meðalverði í lágvöruverðsverslunum er gefið gildið 100.

# Hagsmunasamtök fyrirtækja verða að axla ábyrgð í samkeppnismálum

Eftirfarandi umfjöllun eða samvinna innan samtaka fyrirtækja getur farið gegn samkeppnislögum:

- Ákvörðun eða önnur umfjöllun gjaldskrá eða „eðlilega“ verðlagningu aðildarfélaga.
- Ákvarðanir eða önnur umfjöllun um að hækka verð, lækka verð eða halda verði óbreyttu.
- Samræming á eða önnur umfjöllun um hvers konar viðskiptaskilmála sem gilda gagnvart viðskiptavinum aðildarfyrirtækja.
- Umfjöllun eða umræður um að aðildarfyrirtæki eigi ekki viðskipti við tiltekna aðila.
- Umfjöllun eða umræður um verð, verðþróun, viðskiptakjör, verðbreytingar á aðföngum og öðrum kostnaðarliðum.
- Umfjöllun eða umræður um rekstrar-, efnahags- og viðskiptalega stöðu keppinauta eða viðskiptavina aðildarfélaganna.
- Upplýsingaskipti eða upplýsingamiðlun um verð, kostnað eða kostnaðaruppbyggingu, kostnaðarhækkanir, viðskiptavini, framboð og söluskilmála.
- Opinbert fyrirsvar varðandi verðlagningu eða þjónustu aðildarfyrirtækja. Tekur þetta m.a. til umræðu á opinberum vettvangi um verð og verðbreytingar aðildarfyrirtækja. Þátttaka í almennri umfjöllun um viðkomandi atvinnugrein í fjölmiðlum, í fræðslu- og upplýsingaskyni, fellur hér ekki undir.
- Hagsmunagæsla sem lýtur að málarekstri fyrir stjórnvöldum varðandi hvort keppinautar aðildarfélaga uppfylli ákvæði laga eða stjórnvaldsreglna.

Bótaréttur tjónþola
- mikilvægt úrræði í samkeppnisrétti



# Breytingar á samkeppnislögum mikil réttarbót

- Samruni kemur nú ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann.
- Veltumörk sem miðað er við þegar metið er hvort samrunar séu tilkynningarskyldir eru hækkuð, en SE heimilað að skoða smærri samruna við tilteknar aðstæður.
- Heimilt er nú að tilkynna um samruna með styttri tilkynningu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum svo sem ef þeir markaðir þar sem áhrifa samrunans gætir eru ekki tengdir.
- Ákvæðum um fresti til að taka ákvarðanir í samrunamálum hefur verið breytt.
- Efnislegt mat Samkeppniseftirlitsins á samkeppnislegum áhrifum samruna tekur nú ekki eingöngu til þess hvort markaðsráðandi staða hafi orðið til eða styrkst heldur einnig til þess hvort samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.
- Samkeppniseftirlitið getur nú tekið mál fyrir að nýju, hafi áfrýjunarnefnd eða dómstóll ógilt ákvörðun eftirlitsins sökum formgalla.
- Skilgreiningar á samruna og yfirráðum hafa verið færðar til samræmis við evrópskan samkeppnisrétt.

Ný lög (94/2008) sem breyttu samkeppnislögum tóku gildi á þriðjudaginn.
Nýjar reglur SE taka gildi innan fárra daga, en þar eru framangreindar breytingar útfærðar nánar.